

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis við Hvalasafnið á Húsavík ses. um ráðstöfun styrktar-/rekstrarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Hvalasafnið á Húsavík ses., kt. 460105-3740, í samningi þessum nefnt Hvalasafnið, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Stuðla að rekstri Hvalasafnsins á Húsavík og miðla þannig fræðslu um hvali og lífríki þeirra,
- styðja rannsóknir á hvölum við Ísland án þess að skaða þá,
- efla miðlun upplýsinga um sögu hvalveiða og hvalaskoðunar við Ísland.

1.2. Vinna skal að ofangreindum markmiðum m.a. með eftirfarandi hætti:

- Að safna upplýsingum, gögnum og gripum sem tengjast markmiðum safnsins,
- að halda áfram að byggja upp og viðhalda safnkosti og sýningum um hvali og lífríki þeirra, lífríki sjávar og sögulegar upplýsingar um hvalveiðar og hvalreka að fornu og nýju,
- að veita fræðslu og upplýsingar um hvalaskoðun við Ísland,
- að leggja sérstaka áherslu á fræðslugildi sýninga og upplýsingagjöf safnsins fyrir ferðamenn og skólahópa á öllum stigum,
- að vinna með rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Húsavík að rannsóknum á hvölum og lífríki Skjálfaflóa,
- að stuðla að varðveislu beinagrinda af hvölum, höfrungum og hnísnum eftir því sem aðstæður leyfa,
- að veita nemendum, skólum, einstaklingum og stofnunum sem til safnsins leita ráðgjöf eftir því sem kostur er.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs og er það 6,0 m.kr. árið 2016.

2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, og við Alþingi. Það mun leggja til við fjárlagagerð að árlegt framlag til samningsins út samningstímamann verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Hvalasafnið standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Hvalasafnið ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.

2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.

2.4. Hvalasafnið starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 18. febrúar 2016.



- 2.5. Hvalasafnið starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

3. Ábyrgð

- 3.1. Hvalasafnið ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Hvalasafnið skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Hvalasafnið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Hvalasafnið er óheimilt að:
 - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Hvalasafnsins.
- 4.2. Hvalasafnið skilar ráðuneytinu:
 - 4.2.1. Áætlun um rekstur og efnahag ásamt starfsætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að fyrir lok janúar ár hvert.
 - 4.2.2. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 4.3. Eigi Hvalasafnið í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Hvalasafnsins funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar Hvalasafnið ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.4. Hvalasafnið skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5. Hvalasafnið veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.6. Samning þennan, ársreikning Hvalasafnsins, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vefsíðu Hvalasafnsins jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.7. Hvalasafnið setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfsemi hans, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.




6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Hvalasafnið tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Hvalasafnið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir að gildistími samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 18. apríl 2016.



Illugi Gunnarsson,
mennta- og menningarmálaráðherra



Jan Aksel Harder Klitgaard,
framkv.stj. Hvalasafnsins á Húsavík